

Ár 2011, fimmtudaginn 20. janúar kl. 21.15 kom mannvirkja- og umhverfisnefnd saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mættir voru: Steinar Rafn Garðarsson, Vilhjálmur Sveinsson, Berglind Hofland Sigurðardóttir, Helga Sigurðardóttir og Pétur Reynisson.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Steinar Rafn Garðarsson, varaformaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Hér var gengið til dagskrár.

### 1. Kosning formanns:

Guðmundur Þór Guðjónsson, fyrrv. formaður, hefur sagt sig frá nefndarstörfum vegna persónulegra aðstæðna. Vill nefndin þakka honum góð störf á undanförunum árum.

Gerð var tillaga um Helgu Sigurðardóttur sem formann og var það samþykkt samhljóða. Helga tók við fundarstjórn.

Helga lagði til að Vilhjálmur tæki við sem ritari í stað hennar sjálfrar og var það samþykkt.

### 2. Fjárhagsáætlun og framkvæmdir 2011:

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2011 og þeim framkvæmdum sem áætlað er að fara í á árinu.

Rætt um fyrirkomulag Vinnuskólans og mikilvægi þess að skipulag sé gott. Ennfremur rætt um að funda skuli með flokkstjórum og nemendum Vinnuskólans í upphafi sumars þar sem farið er yfir starfsemi og eðli Vinnuskólans auk vandaðra vinnubragða.

Rætt um jarðvegsmönina við Kambaland og frágang almennt á því svæði. Nefndin leggur áherslu á að gengið verði frá svæðinu hið allra fyrsta.

Rætt um Skólamörkina og það ófremdarástand sem þar ríkir. Nefndin lýsir yfir áhyggjum sínum vegna þessa og mælist til þess að málið verði skoðað.

Nefndarmenn ræddu útlit opinna svæða og göngustíga og mikilvægi þess að sáð verði í verstu opnu svæðin. Eftirfarandi þarfnast úrbóta: Drullusundið, inngangur í Listigarðinn, hellulagðar rendur meðfram gangstéttum í Arnarheiði, gangstétt við Heiðmörk milli Breiðumerkur og Hveramerkur og gróðurbeð meðfram Þjóðvegi.

Rætt um slæmt útlit ljósastaura í bæjarfélaginu og hvort möguleiki sé á að ræða við Rarik um málun á þeim sem hugsanlega gæti tengst Garðyrkju- og blómasýningunni.

**3. Undirbúningur blómasýningar 2011:**

Bæjarstjóri sagði frá þeim fundum sem hún hefur haldið með aðilum úr Græna geiranum vegna sýningarinnar og þeim undirbúningi sem í gangi er.

Farið yfir þær hugmyndir að þema sem komið hafa fram en væntanlega verður þemað ákveðið fljótlega á fundi þeirra sem að sýningunni standa.

Mikilvægt er að viðhaldi beða sé vel sinnt allt sumarið því mjög margir sækja Hveragerði heim fram eftir sumri til að njóta afraksturs sýningarinnar.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 22:50.

---

Helga Sigurðardóttir, (sign)

---

Berglind Hofland Sigurðardóttir, (sign)

---

Vilhjálmur Sveinsson, (sign)

---

Steinar Garðarsson, (sign)

---

Pétur Reynisson, (sign)

---

Aldís Hafsteinsdóttir